

Mál nr. 286/2015
M og
vátryggingafélagið V v. starfsábyrgðartryggingar hönnuðar (H)

Krafa um bætur vegna þess að frágangi á gólfi/niðurföllum sé áfátt.

Gögn.

1. Málskot móttengið þ. 20.7.2015 ásamt fylgiskjöllum 1-3
2. Bréf V dags. 12.8.2015 ásamt fylgiskjali.

Málsatvik.

M telur að frágangi gólfs/niðurfalla sé áfátt og vísar til matsliðs 6 í matsgerð dags. 1. apríl 2014, varðandi frágang gólfs og niðurfalla undir ræstivöskum og krefst bóta úr starfsábyrgðartryggingu H vegna þess. Matsmaður segir m.a. varðandi tilvísaðan matslið, að um sé að ræða byggingu sem skilgreind sé sem geymsla og engin krafa sé í reglugerð, sem hafi gilt á hönnunar- og byggingartíma hússins né nýrri útgáfum, að gólf slíkra geymsla séu með vatnshalla eða niðurföllum yfir allt gólfið og ekki sé heldur hefð fyrir slíku. Þá segir í matsgerðinni að út við innkeyrsludyr séu sett punktniðurföll rétt innan við hurð og sé um öryggisniðurföll að ræða en engin reglugerðarkrafa sé um slík niðurföll. Matsmaður segir eðlilegt að séu slík öryggisniðurföll sýnd, sé vatnshalli að þeim þannig að vatn sem kemur inn um dyr flæði niður í þau en ekki inn í húsið. Niðurstaða matsmannsins var að vatnshallinn væri ekki í lagi í 9 af 25 geymslum. Þá segir matsmaður varðandi salerni og vask utan við salerni að byggingarreglugerð sem var í gildi þegar húsið var hannað og byggt hafi ekki gert kröfu um niðurfall á salerni nema það væri um leið baðherbergi. V hafnar bótaskyldu og telur að ákvæðum byggingarreglugerðar á hönnunar- og byggingartíma hússins hafi verið fullnægt og því teikningar og hönnun H í fullu samræmi við ákvæði þáverandi byggingarreglugerðar.

Álit.

Dómkvaddur matsmaður sem fenginn var af M til að meta galla á eigninni Lækjarmelur 8, Reykjavík komst að þeirri niðurstöðu varðandi matslið nr. 6, að hönnunarvinna sé ekki í ósamræmi við byggingarreglugerð sem í gildi var á hönnunar og byggingartíma hússins. Þá kemur ekki fram hjá matsmanni að um galla sé að ræða varðandi hönnun hússins miðað við þágildandi reglur hvað varðar athugasemdir M þannig að H verði gerður ábyrgur fyrir þeim og/eða sýnt sé fram á að hönnunarvinnu hans sé áfátt varðandi matslið nr. 6. Þegar af þeim ástæðum á M ekki rétt á bótum úr starfsábyrgðartryggingu H hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr starfsábyrgðartryggingu hönnuðarins H hjá V.

Reykjavík 1.9.2015.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.